

Fundargerð 346. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: miðvikudagur 18. ágúst 2026
Fundartími: 20:00-21:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir
Almar Sigurðsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við lið 18, trúnaðarmál. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 330, dags. 14.08.2026

- a) Mosató 5 L230347; Byggingarreitur færður; Aðalskipulagsbreyting – 2608007
Lögð er fram fyrirspurn er varðar Mosató 5 L230347. Í fyrirspurninni er óskað eftir heimild til að færa byggingarreit á lóðinni um 7 m til vesturs, nær veginum en gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Við breytinguna minnkar fjarlægð milli vegstæðis og byggingarreits úr 10 m í 3 m.
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að taka jákvætt í erindið.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að byggingarreitur á lóðinni Mosató 5 L230347 verðir færður 7m til vesturs, nær vegi en gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Laugardælur land L206114; Gatnagerð við Austurveg 69; Framkvæmdaleyfi – 2608009**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Laugardælna land L206114 í Flóahrepp. Óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við gatnagerð austan við lóð Austurvegar 69. Í framkvæmdinni felast jarðvegsskipti niður á fastan botn, fyllingar og styrktarlag, einnig er fyrirhuguð samhliða gatnaframkvæmdum færsla á vatnssölumæli vatnsveitu Árborgar austur fyrir vegstæðið.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfið tekur til Laugardæla land L206114 og snýr að framkvæmdum við gatnagerð austan við lóðina Austurvegur 69.

Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa UTU bs. nr. 257, dags. 08.07.2026 og nr. 258, dags. 15.07.2026

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá stjórn Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða – Salernismál í Reykjaréttum

Fyrir liggur erindi frá afréttamálafélagi Flóa- og Skeiða þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi frá sveitarfélögunum Flóahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sveitarfélaginu Árborg vegna salernismála í Reykjaréttum. Óskað er eftir fjárframlagi frá sveitarfélögunum um 300.000 kr. til að standa undir framangreindum kostnaði við salernismál.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir kostnaðarþáttöku með Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sveitarfélaginu Árborg vegna salernismála í Reykjaréttum árið 2026. Kostnaðurinn rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi – þriðja umræða

Fyrir liggja samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi til þriðju umræðu eftir ábendingar um lagfæringar frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Viðbrögð við ábendingum liggja fyrir í gögnum málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir um meðhöndlun úrgangs og felur sveitarstjóra að birta þær í B deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. – Seinni umræða

Fyrir liggja breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Minjastofnun Íslands – Austur Meðalholt friðlýsing

Fyrir liggur erindi frá Minjastofnun Íslands þar sem lagt er til endurskoðað orðalag skilmálatekta vegna friðlýsingar Austur-Meðalhólts í Flóahreppi. Tillögur að endurskoðuðu orðalagi fylgja með í gögnum málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við tillögu Minjastofnunar Íslands að endurskoðuð orðalagi skilmálatekta vegna friðlýsingar Austur-Meðalhólts í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Innviðaráðuneytinu – Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Fyrir liggur erindi frá Innviðaráðuneytinu er varðar stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að svara erindinu og skila inn svörum fyrir hönd Flóahrepps í samráði við sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá íbúum í Kolsholti – Ósk um hraðatakmarkanir á hluta Kolsholtsvegar

Fyrir liggur erindi frá íbúum í Kolsholti varðandi hraðakstur á Kolsholtsvegi. Í erindinu er óskað eftir því að settar verði hraðatakmarkanir niður í 30 km/klst á hluta vegarins.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í ofangreint erindi og hvetur Vegagerðina til að bregðast við ósk um hraðatakmarkun á hluta Kolsholtsvegar á svæðinu frá Jaðarkotsvegi að Kolsholtshelli og á hringveginum sem liggur um Kolsholt 1 land, Kolsholt 2 og Kolsholt 3. Slík hraðatakmarkun verði sett til að auka öryggi íbúa og vegfarenda á svæðinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins – Seinni umræða

Fyrir liggja samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins

Flóahrepps í síðari umræðu í sveitarstjórn. Sveitarstjóra falið að senda breytingar á

Innviðaráðuneytið til staðfestingar og í kjölfarið birta samþykktir í B deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Skipulagsbreytingar á fasteignasviði

Fyrir liggur minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á fasteignasviði sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ljúka innleiðingu þeirra breytinga á skipulagi

fasteignasviðs sveitarfélagsins sem unnið hefur verið að undanfarin misseri og kynntar voru á vinnufundi sveitarstjórnar í janúar 2025.

Sveitarstjórn samþykkir að starfsheiti umsjónarmanns fasteigna verði breytt í forstöðumann fasteignasviðs og er sveitarstjóra falið að gera viðauka við gildandi ráðningarsamning vegna breytingar á starfsheiti. Breytingin felur ekki í sér breytingu á ráðningarkjörum.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að uppfæra starfslýsingu forstöðumanns fasteignasviðs þannig að hún endurspegli núverandi verkefni, ábyrgð og skipulag fasteignasviðs, auk þess sem skipurit sveitarfélagsins verði uppfært í samræmi við núverandi starfsemi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að annast framkvæmd ákvörðunarinnar og leggja fram uppfærða starfslýsingu og skipurit til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Almari Sigurðssyni

Fyrir liggur erindi frá Almari Sigurðssyni þar sem óskað er eftir hreinsun svæðis sunnan við leikskólann Krakkaborg og austan við Lambastaði land 1, auk þess að rusli sem þar hefur safnast upp verði komið til förgunar með lögmatum hætti.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra og fasteignasviði að undirbúa hreinsun svæðisins. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Þingborg er þar fyrirhugaður göngustígur og er hreinsunin hluti af lokafrágangi svæðisins í tengslum við uppbygginguna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Eggerti Sigurðs Póri Guðlaugssyni, Jóni P. Ragnarssyni og Svanhvíti Hermannsdóttur

Fyrir liggur erindi frá Eggerti Guðlaugssyni, Jóni P. Ragnarssyni og Svanhvíti Hermannsdóttur. Í erindinu er óskað eftir upplýsingum um hvar upplýsingaskýrslu til nágranna Orkugerðarinnar frá stjórn Orkugerðarinnar sé að finna en í fréttatilkynningu frá stjórn Orkugerðarinnar þann 15. maí 2026 kemur fram að stjórn hyggist upplýsa nágranna á 3. mánaða frestir um stöðu og framvindu úrbóta sem ráðast á í.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að sveitarstjóri kallaði eftir upplýsingum frá formanni stjórnar Orkugerðarinnar um stöðu mála þann 13. ágúst s.l. og barst svar þess efnis að upplýsingar um stöðu mála berist fyrir mánaðarmót ágúst-september. Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að reglulegar upplýsingar um stöðu og framvindu fyrirhugaðra úrbóta verði birtar á heimasíðu Flóahrepps og leggur áherslu á að stjórn Orkugerðarinnar tryggi að þær úrbætur sem nefndar voru í fréttatilkynningu þann 15. maí s.l. verði komnar til framkvæmda haustið 2027.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Skipan í ungmennaráð Flóahrepps

Fyrir liggur tillaga að skipan ungmennaráðs Flóahrepps fyrir yfirstandandi kjörtímabil. Samkvæmt samþykkt fyrir ungmennaráð Flóahrepps skal ráðið skipað þremur aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn skipar fulltrúa í ráðið og skal við skipan þess hafa að leiðarljósi að fulltrúarnir endurspegli sem breiðastan hóp ungs fólks í sveitarfélaginu og að þar eigi bæði kyn fulltrúa.

Ungmennaráð er ráðgefandi vettvangur um málefni samfélagsins og sérstaklega um málefni sem varða ungt fólk. Hlutverk þess er meðal annars að koma sjónarmiðum og tillögum ungs fólks á framfæri við sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins, gæta hagsmuna ungs fólks, stuðla að virkri þátttöku þess í lýðræðislegu starfi og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna. Jafnframt hefur ráðið það hlutverk að efla umræðu um málefni ungs fólks og stuðla að fjölbreyttu félags-, menningar- og tómstundastarfi innan sveitarfélagsins.

Lögd er fram eftirfarandi tillaga að skipan ungmennaráðs Flóahrepps:

Aðalmenn

Hanna Dóra Höskuldsdóttir, formaður

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir

Helgi Reynisson

Varamenn

Magnús Ögri Steindórsson

Hugrún Svala Guðjónsdóttir

Ásta Björg Jónsdóttir

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreinda tillögu að skipan Ungmennaráðs Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Erindi frá sveitarstjóra – Ósk um tímabundið launalaust leyfi

Fyrir liggur erindi frá sveitarstjóra þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að taka allt að 50% launalaust leyfi í september 2026 vegna tímabundinna persónulegra verkefna. Fram kemur að sveitarstjóri muni áfram sinna brýnum og mikilvægum málum eftir því sem þörf krefur á tímabilinu og leitast við að skipuleggja störf sín þannig að sem minnst áhrif verði á daglega starfsemi sveitarfélagsins, afgreiðslu erinda, fundarsetu, samskipti við samstarfsaðila og framgang verkefna. Jafnframt kemur fram að oddviti sinni staðgengilshlutverki sveitarstjóra eftir því sem þörf krefur vegna daglegrar starfsemi sveitarfélagsins á leyfistímanum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til töku allt að 50% launalauss leyfis á tímabilinu 1. til 30. september 2026, með þeim skilyrðum sem fram koma í erindinu. Oddvita er falið að sinna hlutverki staðgengils sveitarstjóra eftir því sem þörf krefur á tímabilinu.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

15. Mat á fjárhagslegum áhrifum vegna viðbyggingar við Flóaskóla

Fyrir liggur mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Flóaskóla. Matið er unnið af Auðunni Guðjónssyni, löggildum endurskoðanda og byggir á samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2026-2029, ársreikningi Flóahrepps 2025 og öðrum upplýsingum frá stjórnendum sveitarfélagsins. Niðurstöður matsins sýna fram á að áhrif fjárfestingarinnar á fjárhagsleg viðmið sveitarfélagsins (rekstrarjöfnuð og skuldareglu) eru ekki það mikil að það skapi hættu á að sveitarfélagið geti ekki staðist viðmiðin og að ekki verði betur séð en að fjárhagsstaða sveitarfélagsins verði áfram sterk og rekstur jákvæður.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagt mat á fjárhagslegum áhrifum vegna viðbyggingar við Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 345, dags. 09.07.2026
- b) Stjórnar Listasafns Árnesinga bs. dags. 05.08.2026
- c) Aukaaðalfundar Listasafns Árnesinga bs. dags. 29.06.2026
- d) Aukaaðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs. dags. 29.06.2026
- e) Aukaaðalfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. dags. 29.06.2026
- f) Aukaaðalfundar Brunavarna Árnessýslu bs. dags. 29.06.2026
- g) Aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs. dags. 29.06.2026
- h) Aukaaðalfundar Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. dags. 29.06.2026

17. Efni til kynningar

- a) Frá Flóahreppi, Sveitarfélaginu Árborg og Hestamannafélaginu Sleipni – Krafa um undirgöng fyrir hestamenn undir Hringveg (1) austan Selfoss
 - b) Frá Umhverfis- og orkustofnun - Upplýsingar um nýjar framkvæmdir og sjálfbær umsvif í vatnaáætlun 2028-2033
 - c) Frá Vegagerðinni – Samgöngur og skipulag
 - d) Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 21. ágúst 2026
 - e) Frá Vinnumálastofnun – Samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og flóttafólks
- Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að byggðapróunarfulltrúi sem starfar undir Háskólafélagi Suðurland sinni hlutverki tengiliðs sveitarfélagsins vegna samstarfsverkefnisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 1. september kl. 17:00 í Þingborg.

18. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Almar Sigurðsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir (sign)